

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á 4. ársfjórðungi 2007

Í dag verða birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2007 og stöðu þjóðarbúsins í árslok 2007.¹

Viðskiptahalli var 91 ma.kr. á síðasta fjórðungi ársins samanborið við 29 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi. Meginskýring lakari viðskiptajafnaðar er að jöfnuður þáttatekna versnaði um 68 ma.kr. Það skýrist af talsverðum samdrætti í ávöxtun hlutafjár, að mestu í formi neikvæðrar endurfjárfestingar, en á móti vega hærri vaxta-tekjur af skuldabréfum. Á gjaldahlið vega hærri vaxtagjöld nokkurn veginn upp minni ávöxtun erlendra aðila af hlutabréfum.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Október - desember</i>		<i>Janúar - desember</i>	
	<i>2006</i>	<i>2007</i>	<i>2006</i>	<i>2007</i>
Viðskiptajöfnuður	-89,0	-90,6	-296,3	-199,8
Útflutningur vöru og þjónustu	89,9	128,3	372,0	449,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-150,6	-159,4	-578,7	-580,2
Þáttatekjur og framlög, nettó	-28,4	-59,6	-89,7	-69,1
Fjármagnsjöfnuður	-6,3	100,5	424,5	170,5
Fjármagnshreyfingar án forða	86,8	103,9	511,8	179,1
Erlendar eignir, nettó	-643,3	-571,2	-757,6	-2341,0
Erlendar skuldir, nettó	730,1	675,1	1506,3	2520,1
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-92,5	-3,1	-241,3	-6,7
Skekkjur og vantalið nettó	95,3	-9,8	-128,2	29,2

Þjónustujöfnuður var neikvæður um 16,4 ma.kr. á síðasta ársfjórðungi samanborið við 4 ma.kr. ársfjórðunginn á undan. Aukinn kostnaður við ferðalög Íslendinga erlendis og árstíðar-sveifla í komum erlendra ferðamanna hingað til lands virðist skýra stóran hluta þessarar breytingar.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

Hreint fjárinnstreymi nam 100,5 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi sem er talsvert meira en á þriðja fjórðungi ársins en þá var innstreymið 62 ma.kr. Helstu ástæður þess eru verulegur samdráttur í beinni fjárfestingu erlendis sem nam um 226 ma.kr. Fjárfesting í erlendum verðbréfum jókst verulega en var þó að hluta vegin upp af samdrætti í fjárfestingu innlendra verðbréfa.

Viðskiptahalli á síðasta ári var um 200 ma.kr. en árið 2006 mældist hann 296 ma.kr. Batann má að stórum hluta til rekja til minni vöruskiptahalla, en hann var um 88 ma.kr. samanborið við 156,5 ma.kr. halla árið 2006.

Samkvæmt bráðabirgðatölum hefur viðskiptahalli liðins árs verið 15,8% af vergri landsframleiðslu (25,5% árið 2006) en í síðustu þjóðhagsspá Seðlabankans var áætlað að hann yrði 18%.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.845 ma.kr. í lok ársins og hafði versnað um 492 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar skammtíma-skuldir hækkuðu um 523 ma.kr. á fjórðungnum. Staða langtímalána hækkaði um 219 ma.kr. Í lok árs var gengi krónunnar 2,08% lægra en í lok september samkvæmt vísitölu gengisskráningar.

Nánari upplýsingar veitir Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri Upplýsingasviðs bankans í síma 569-9600.